

LÖG

um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (tekjuskattur einstaklinga, virðisaukaskattur, launatengd gjöld og skattar á fjármálafyrirtæki).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

- a. Í stað „25,8%“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 25%.
- b. Í stað „25,8%“ tvívegis í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 25%.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „100.745 kr.“ í 2. mgr. kemur: 180.000 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: 125.000 kr.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 2. málsl. a-liðar 8. tölul. 70. gr. laganna kemur: 125.000 kr.

3. gr.

Í stað orðanna „og 2013“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVI í lögnum kemur: 2013 og 2014.

4. gr.

Í stað orðanna „og 2013“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVII í lögnum kemur: 2013 og 2014.

5. gr.

Í stað orðanna „árunum 2011, 2012 og 2013“ í ákvæði til bráðabirgða XXXVIII í lögnum kemur: árunum 2011, 2012, 2013 og 2014.

Nr. 139

27. desember 2013

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XLI í lögnum:

- a. Í stað orðanna „og 2013“ í 1.–5. mgr. kemur: 2013 og 2014.
- b. Í stað orðanna „og 2012“ í 1.–5. mgr. kemur: 2012 og 2013.
- c. Í stað „8%“ í 3. mgr. kemur: 8,5%.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XLIX í lögnum:

- a. Í stað orðanna „á árunum 2012–2014“ í 1. málsl. kemur: á tímabilinu 2012 – 1. júlí 2014.
- b. Í stað „2012–2014“ í 2. málsl. kemur: 2012 – 1. júlí 2014.

8. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. reiknast 22,86% tekjuskattur af tekjuskattsstofni við álagningu 2015.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

9. gr.

Við 12. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málssliður, svohljóðandi: Sama gildir um barnableiur og laust bleiufóður sem falla undir tollskrárnúmer 9619.0011.

10. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2013“ í ákvæði til bráðabirgða X í lögnum kemur: 31. desember 2014.

11. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2014“ í 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XV í lögnum kemur: 1. janúar 2015.

12. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2013“ í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV í lögnum kemur: 31. desember 2014.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað „2,05%“ í 1. mgr. kemur: 1,35%.
- b. Í stað „5,29%“ í 3. mgr. kemur: 5,90%.

14. gr.

Í stað „1,28%“ í 5. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 0,65%.

Nr. 139

27. desember 2013

15. gr.

Við löginn bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

- a. Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. skal atvinnutryggingagjald vera 1,45% í staðgreiðslu á árinu 2014 og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2015 vegna tekna ársins 2014.
- b. Prátt fyrir ákvæði 3. mgr. 2. gr. skal almennt tryggingagjald vera 6,04% í staðgreiðslu á árunum 2014 og 2015 og við álagningu opinberra gjalda á árunum 2015 og 2016 vegna tekna áranna 2014 og 2015.
- c. Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður fá til ráðstöfunar 240 millj. kr. af tekjum almenns tryggingagjalds vegna ársins 2013. Ráðstöfun skv. 1. málsl. gengur framar framlagi til Tryggingastofnunar ríkisins skv. 6. tölul. 2. mgr. 3. gr.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum.

16. gr.

Í stað „0,25%“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: 0,05%.

17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum fellur brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálfyrirtæki, með síðari breytingum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattskylda þessi tekur einnig til aðila sem sætir slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki, þ.m.t. lög-aðila sem héraðsdómur hefur úrskurðað að skuli tekinn til gjaldþrotaskipta.
- b. B-liður 2. mgr. fellur brott.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skv. 2. gr.“ í 1. mgr. kemur: skv. 2. gr. umfram 50 milljarða kr.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Skattstofn aðila sem fellur undir 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. er samtala viðurkenndra krafna umfram 50 milljarða kr. í bú hans í lok ársins á undan álagningarári.

20. gr.

Í stað „0,041%“ í 4. gr. laganna kemur: 0,376%.

21. gr.

Við löginn bætist ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Skattkrafa á grundvelli laga þessara skal njóta rétthæðar skv. 3. tölul. 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., við slitameðferð eða gjaldþrotaskipti sama aðila.

Nr. 139

27. desember 2013

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 165/2011, um fjársýsluskatt, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað „6,75%“ í 6. gr. laganna kemur: 5,5%.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

23. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 1. mgr. 9. gr. skal innheimtuhlutfall í staðgreiðslu 2014 á tekjur á mánuði vera 22,86% að viðbættu útsvari hjá þeim launamönnum sem eru skattskyldir skv. 1. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um tekjuskatt.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

24. gr.

Í stað orðsins „2014“ í ákvæði til bráðabirgða XII í lögunum kemur: 2015.

25. gr.

Í stað orðanna „30. desember 2010“ tvívegis í ákvæði til bráðabirgða XIV í lögunum kemur: 23. desember 2013; og í stað orðsins „2011“ í sama ákvæði kemur: 2014.

26. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. má útsvar af tekjum manna á árinu 2014 nema allt að 14,52% af útsvarsstofni.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. c-liðar 1. mgr. 8. gr. a skal hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvars-tekjum sveitarfélaga af álagningastofni útsvars á árinu 2014 nema 0,99% til jöfnunar vegna málefna fatlaðra.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum:

- a. Í stað orðanna „1. janúar 2013 til 1. janúar 2014“ í 1. mgr. kemur: 1. janúar 2014 til 1. janúar 2015.
- b. Í stað orðanna „1. janúar 2013“ og „6.250.000 kr.“ í 2. og 3. mgr. kemur: 1. janúar 2014; og: 9.000.000 kr.

28. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2014“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IX í lögunum kemur: 1. janúar 2015.

Nr. 139

27. desember 2013

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

29. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:
- a. Í stað „8.200 kr.“ í a-lið 1. tölul. kemur: 10.250 kr.
 - b. Í stað „16.200 kr.“ í b-lið 1. tölul. kemur: 20.250 kr.
 - c. Í stað „4.100 kr.“ í c-lið 1. tölul. kemur: 5.150 kr.
 - d. Í stað „3.100 kr.“ í a-lið 2. tölul. kemur: 4.650 kr.
 - e. Í stað „6.100 kr.“ í b-lið 2. tölul. kemur: 9.150 kr.
 - f. Í stað „1.550 kr.“ í c-lið 2. tölul. kemur: 2.350 kr.

XI. KAFLI

Gildistaka.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

- a. 1., 2. og 14. gr. öðlast gildi 1. janúar 2014 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2015 vegna tekna ársins 2014 og við staðgreiðslu opinberra gjalda á því ári eftir því sem við á.
- b. 3.–8., 10.–12., 15. og 23.–26. gr. öðlast þegar gildi.
- c. 9., 13., 16., 17., 22. og 27.–29. gr. öðlast gildi 1. janúar 2014.
- d. 18.–21. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2014 vegna tekjuársins 2013 og skulda í lok bess árs.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

A-deild – Útgáfud.: 30. desember 2013